

Fimmtudaginn 10. apríl 1986.

Nr. 34/1986. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Ólafi Þorkeli Þórisssyni

(Páll A. Pálsson hrl.)

Ávana- og fíkniefni. Eignarupptaka.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Héraðsdómi var áfrýjað til Hæstaréttar með stefnu 13. nóvember 1985 að ósk ákærða og jafnframt af hálfu ákærvalds til þyngingar. Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 19. f.m.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann með þeirri athugasemd að í stað 2. gr. sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390/1974 koma nú sömu greinar reglugerðar nr. 16/1986.

Ákærða ber að dæma til greiðslu áfrýjunarkostnaðar svo sem greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 10.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Páls A. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 10.000,00 krónur.

Dómur sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 10. september 1985.

Ár 1985, þriðjudaginn 10. september var á dómþingi sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum, sem haldið var að Hverfisgötu 115, Rvík., af Guðjóni St. Marteinsyni ftr., kveðinn upp dómur í sakadómsmáli nr. 321/1985: Ákærvaldið gegn Ólafi Þorkeli Þórisssyni.

Málið er höfðað á hendur Ólafi Þorkeli Þórisssyni, fæddum 15. ágúst 1961, fyrir eftirfarandi meint brot á fíkniefnalöggjöfni:

„með því að hafa 31. október 1984 keypt rúm 2,3 kg af hassi í Amsterdam og flutt efnið hingað til lands í því skyni að selja það hér á landi í hagnaðarskyni, en tollverðir fundu efnið í farangri ákærða við komu hans til Keflavíkurflugvallar 1. nóvember 1984.“

Ofangreind meint háttsemi er í ákæruskjali talin varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. lög nr. 60/1980, sbr. 9. gr. laga nr. 75/1982, og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390/1974.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og til að sæta upptöku á 2,32 kg af hassi samkvæmt 5. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974 og 2. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 390/1974.

Sakarferill ákærða samkvæmt sakavottorði dagsettu 11. júlí 1985 þykir ekki skipta máli í máli þessu.

Verjandi ákærða flutti munnlega vörn í málinu í gærdag 9. sept. og gerði þær dómkröfur að ákærði hljóti þá vægustu refsingu er lög leyfa og að dæmd verði hæfileg málsvarnarlaun að mati dómsins.

Málsatvik:

Ákærði var handtekinn við komu hingað til lands 1. október 1984. Ákærði reyndist hafa í fórum sínum 2,32 kíló af hassi.

Ákærði var yfirheyrður hér fyrir dómi 2. nóvember 1984. Ákærði kvaðst hafa haldið til Amsterdam 25. október 1984 með tæplega 13.000 hollensk gyllini í fórum sínum. Ákærði kvað förina aðallega hafa verið farna til kaupa á bifreið í Hollandi.

Ákærði kvaðst hafa haft orð á því við unnustu sína og bróður að vegna verkfalls tollvarða gæti verið vænlegur kostur að festa kaup á fíkniefnum í Hollandi með það í huga að flytja efnin hingað til lands og selja með hagnaði.

Ákærði kvaðst hafa fest kaup á bifreið í Hollandi 31. október og kvaðst ákærði hafa haft tæplega 11.000 hollensk gyllini til ráðstöfunar er ákærði hafði greitt staðfestingargjald vegna bifreiðarkaupanna. Ákærði kvaðst þá hafa ákveðið að kaupa fíkniefni fyrir 10.500 hollensk gyllini og kvaðst ákærði hafa hitt sölumann fíkniefna á bar í Amsterdam 31. október 1984 og samið við hann um kaup á 2,4 kílóum af hassi. Efnið kvaðst ákærði hafa flutt hingað til lands falið í ferðatösku sinni og hafi ætlunin verið sú að selja efnið hér á landi.

Ákærði var yfirheyrður hér fyrir dómi 8. ágúst 1985 og hafði þá ekki athugasemdir fram að færa varðandi efni ákæruskjals. Ákærði kvaðst hafa fest kaup á rúmlega 2,3 kílóum af hassi í Amsterdam í lok október 1984 og flutt efnið hingað til lands í því skyni að endurselja það hér á landi.

Niðurstöður:

Dóminum þykir sannað með framburði ákærða sem rækilega er studdur af öðrum gögnum málsins að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá er í ákæru greinir. Ákærði keypti þannig 2,32 kíló af hassi í Amsterdam hinn

31. október 1984. Ákærði flutti efnið hingað til lands í því skyni að selja það hér á landi í hagnaðarskyni. Tollverðir fundu efnið í farangri ákærða við komu hans til Keflavíkurflugvallar 1. nóvember 1984.

Ákærði hefur því samkvæmt ofanrituðu unnið til refsingar.

Brot ákærða varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. lög nr. 60/1980, sbr. 9. gr. laga nr. 75/1982, sbr. nú lög nr. 13/1985 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390/1974.

Ákærða verður í máli þessu gerð refsing eftir lögum nr. 13/1985, þó þannig að ekki verður beitt þyngri viðurlögum en heimil voru fyrir gildistöku laganna sbr. meginreglu 2. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Með vísan til alls ofanritaðs þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin sem fangelsi í 7 mánuði.

Til frádráttar dæmdri fangelsisrefsingu og með vísan til 76. gr. almennra hegningarlaga komi 3 dagar sem ákærði sætti gæsluvarðhaldi vegna rannsóknar málsins.

Upptæk til ríkissjóðs skulu 2,32 kíló af hassi merkt efnaskrá nr. 1266 nú í vörslum dómsins. Vísast til 5. mgr. 5. gr. laga nr. 65, 1974 vegna upptökunnar.

Ákærði greiði allan sakarkostnað þar með talin málsvarnarlaun kr. 12.000,00 til skipaðs verjanda, Páls A. Pálssonar hæstaréttarlögmans.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Ólafur Þorkell Þórisson, fæddur 15. ágúst 1961, nú til heimilis að Glaðheimum 21 hér í borg, skal sæta fangelsi í 7 mánuði.

Til frádráttar dæmdri fangelsisrefsingu komi 3 dagar er ákærði sætti gæsluvarðhaldi vegna rannsóknar málsins.

Upptæk til ríkissjóðs skulu 2,32 kíló af hassi merkt efnaskrá nr. 1266 í vörslum dómsins. •

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar af kr. 12.000,00 í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, Páls A. Pálssonar hæstaréttarlögmans.